

20. mars 2009
SI-50433

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 17. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um skyldu lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar, 194. mál.

Það sem vakir fyrir flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu er að leitast við að koma í veg fyrir að ríkissjóður Íslands verði af umtalsverðum fjárhæðum með því að reyna ekki að lágmarka þann skaða sem þegar er orðinn í efnahagshruninu með því að skylda lánastofnanir í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða við sölu á fyrirtækjum sem þær hafa innleyst að hluta eða í heild, svo og við sölu á einstökum rekstrareiningum viðkomandi rekstraraðila.

Seðlabankinn telur að ofangreind leið sem umrædd þingsályktunartillaga mælir fyrir um, geti stuðlað að auknu gagnsæi og jafnræði í slíkum viðskiptum og styður því nefnda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri